

**AUGLÝSING**  
**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá**  
**fyrir Menningarsjóð vestfirskrar æsku, nr. 313/1968.**

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, æskilegt er að þeir eigi rætur að rekja til þess félagssvæðis sem skilgreint er í fjórðu grein þessa stofnsamnings. Stjórn sjóðsins annast úthlutun styrkja árlega. Skulu reikningar félagsins vera endurskoðaðir af skoðunarmönnum sem stjórn sjóðsins tilnefnir.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð vestfirskrar æsku staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 30. desember 2024,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*